



# Námsáætlun

## ÍSLE2mg05 vorönn 2021, fjarnám

**Kennari:** Sif Þráinsdóttir.

### Markmið:

#### Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- byggingu ritgerðar, hugtökum við ritgerðasmíð og mikilvægum atriðum er varða málsnið og vandaðan texta.
- mismunandi tegundum bókmennta.
- helstu hugtökum bókmenntafræðinnar og stílbrögðum.
- norrænni goðafræði.
- völdum þáttum íslenskrar málsögu.

#### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ritun þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun og kemur skoðunum sínum á framfæri á skýran og greinargóðan hátt.
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða.
- draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir á faglegan og heiðarlegan hátt.
- lesa sér til gagns og gamans nytjatexta og bókmenntaverk frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra.
- skilja og nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli.
- tjá sig af nokkru öryggi í ræðu og riti.

#### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna í tengslum við námsefnið og sýna töluverð tilbrigði í málnotkun.
- styrkja eigin færni í að nota heimildir á réttan hátt.
- beita skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti.
- túlka bókmenntatexta frá ýmsum tímum.
- taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efni og komast að niðurstöðu.

### Kennslugögn:

**Grettis saga.** Skólaútgáfa. 1996. Ýmsar útgáfur.

**Íslensk málsaga.** Sölvi Sveinsson. 2007. Edda.

**Snorra-Edda.** snorraedda.is (rafræn útgáfa fyrir framhaldsskóla).

**Fjallaverksmiðja Íslands.** Kristín Helga Gunnarsdóttir. 2019. Forlagið.

Í tengslum við stafsetningarkennslu er nemendum bent á að nýta sér þær kennslubækur sem þeir hafa stuðst við fyrir á námsferli sínum. Annað efni tengt bragfræði, stílbrögðum, orðtökum o. fl. er á INNU.

### Velkomin í fjarnámið.

Eftirfarandi er ramminn í kringum ykkar vinnu.

Athugið að lesa mjög vel **tilkynningar** til ykkar sem birtast á **INNU**. Þar er ítarlega farið í ýmislegt er varðar skipulag áfangans, námsefni og verkefnaskil.



Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni
1. 4.-5. mars	Lestur Grettis sögu hefst. Lesið útdrátt á INNU (undir <i>EFNI</i> ) úr köflum 1-12. Lesið vel kafla 13-25. Kafli 26-31 lauslega (útdrátt á Innu undir <i>EFNI</i> ).	Svarið spurningum úr Grettis sögu með fram lestrinum.  9. mars: Úrsagnareindagi.
2. 8. - 12. mars	Lesið vel kafla 32-48. Kafli 49-63 lauslega (útdrátt á Innu undir <i>EFNI</i> ). Lesið vel kafla 64-86. Hafið glærur til stuðnings.	Svarið spurningum úr Grettis sögu með fram lestrinum.
3. 15.-19. mars	<i>Grettis saga</i> . Kafli 87-93 lauslega (útdrátt á Innu undir <i>EFNI</i> ).  Heimildaritgerð: Valin ritgerðarefni. Heimalestur: <i>Fjallaverksmiðja Íslands</i> .	Undirbúningur heimildaritgerðar.
4. 22.-26. mars.	<i>Grettis saga</i> .  Unnið við heimildaritgerð. Heimalestur: <i>Fjallaverksmiðja Íslands</i> .	<b>Skilaverkefni 1 úr Grettis sögu – skilað á Innu mánud. 22. mars.</b>  <b>Próf: Grettis saga (10%) þriðjud. 23. mars á Innu frá kl. 16:00.</b>  Heimildaritgerðarvinna.
29. mars-6. apríl	<b>Páskafri.</b>	
5. 7.-9. apríl	Unnið við ritgerð. Heimalestur: <i>Fjallaverksmiðja Íslands</i>	Miðannarmat.
6. 12.-16.apríl.	Unnið við ritgerð.  Upprifjun á bókmenntahugtökum. <u>Lestur íslenskrar málsögu hefst:</u> Kafllarnir: <i>Af máli verður maður kunnur og Forfeður lögðust í ferðalög.</i>  Hafið glærur til stuðnings.	<b>Próf: Fjallaverksmiðja Íslands (5%) þriðjud. 13. apríl á INNU frá kl. 16:00. Spurningar úr efni og bókmenntagreining.</b>  <b><u>Drög að ritgerð tilbúin 15. apríl.</u></b>  Svarið spurningum úr málsögu með fram lestri.  22. apríl: Sumardagurinn fyrsti
7. 19.-23. apríl	Íslensk málsaga: Lesnir kaflarnir <i>Víkingaferðir og landnám, Saga Íslensku, Orð af orði.</i>  Hafið glærur til stuðnings.	<b>Ritgerð skilað (20%) á Innu þriðjud. 20. apríl.</b>  Svarið spurningum úr málsögu með fram lestri.
8. 26.-30. apríl	Íslensk málsaga: Lesinn kaflinn <i>Samhljóðabreytingar og Hvað á barnið að heita?</i>  Hafið glærur til stuðnings.  <u>Lestur Snorra-Eddu hefst.</u> Lesin er öll Gylfaginning.	<b>Skilaverkefni 2 - úr málsögu, skilað á INNU föstud. 30. apríl.</b>  Svarið spurningum úr <i>Snorra-Eddu með fram lestri.</i>



9. 3.-7. maí	<i>Snorra Edda</i> . Gylfaginning.	Svarið spurningum úr <i>Snorra-Eddu</i> með fram lestri.
10. 10.-14. maí	<i>Snorra Edda</i> . Gylfaginning. Upprifjun fyrir lokapróf.	<b>Skilaverkefni 3 – úr Snorra-Eddu, skilað á INNU föstud. 14. maí.</b> 13. maí: Uppstigningardagur.
11. 17.-21. maí		<b>Lokapróf í FG</b>

Próf eru 19.-21. maí, sjá próttöflu á heimasíðu skólans þegar nær dregur.

Áskilinn er réttur til breytinga ef þurfa þykir.

### Námsmat:

Ritgerð	20%
Próf úr Grettis sögu.	10%
Skilaverkefni	15%
Fjallaverksmiðja Íslands.	5%
Lokapróf.	50%

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá 5,0 í lokaeinkunn.

### Nánar um skipulag:

#### Grettis saga:

- Lesnir eru vel kaflar 13-25, 32-48 og 64-86.
- Lesnir eru lauslega kaflar 1-12, 26-31, 49-63 og 87-93.

#### Íslensk málsaga:

- Eftirfarandi kaflar eru lesnir:
  - Af máli verður maður kunnur, Forfeður lögðust í ferðalög, Víkingaferðir og landnám, Orð af orði, Saga íslensku, Samhljóðabreytingar og Hvað á barnið að heita?

#### Snorra-Edda:

- Kaflinn Gylfaginning er allur lesinn.

#### Skáldsaga:

- *Fjallaverksmiðja Íslands* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Engin verkefni eru unnin úr sögunni. Tekið er próf úr sögunni, spurningar úr efni og bókmenntageining.

Með ósk um velgengni á önninni,  
SP.